

Golfklúbburinn Oddur

Aðalfundur 2025, laugardaginn 6. desember

haldinn í golfskálanum Urriðavelli

Dagskrá aðalfundar skv. lögum félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd.
10. Önnur málefni ef einhver eru.

Kári Haraldur Sölmundarson formaður GO setti fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Formaður lagði til að Haukur Örn Birgisson yrði fundarstjóri og var það samþykkt með lófaklappi. Haukur tók við fundinum og kannaði lögmæti fundarins og úrskurðaði um að löglega hefði verið til hans boðað með auglýsingu 10. nóvember með tölvupósti og á heimasíðu klúbbsins. Haukur gerði tillögu að því að Svavari Geir Svavarssyni yrði falið að rita fundargerð og var það samþykkt. Óskaði Haukur eftir því við fundinn að sér og Svavari yrði falið að ganga frá fundargerð í kjölfar fundarins sem yrði svo birt og var það samþykkt. Gengið var til dagskrár og bauð fundarstjóri Kára Sölmundarson velkominn í ræðustól.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu ári

Kári hóf kynningu á því að færa þakki til allra á viðburðarríku ári. Verkefni ársins voru af ýmsum toga, breytingar voru á kjarnastarfsmönnum með ráðningu nýs framkvæmdastjóra og þakkaði Kári, Þorvaldi Þorsteinssyni fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Einnig færði Kári, Phill Hunter og Rögnvaldi Magnússyni þakki fyrir ómældan tíma í sveifluleiðréttingum hér á svæðinu en þeir luku starfi sínu fyrir klúbbinn á árinu eftir áralanga starfsemi hér við golfkennslu.

Kári vísaði svo í nefndarskýrslur á heimasíðu fundarins 2025.oddur.is þar sem mætti finna skýrslur um starfsemi ársins.

Kári lýsti því að honum þætti miður að Garðabær hefði ekki hingað til viljað koma til móts við GO varðandi aðstöðu til æfinga fyrir börn og unglinga sem nauðsynlega er farið að vanta hér. Æfingar okkar barna og unglinga eru á þremur stöðum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið engum til hagsbóta og þörf á bættri aðstöðu væri mikil og batt Kári vonir við það að bragabót yrði á þessu.

Kári fór yfir stöðu á biðlista sem telur um 1500 manns í dag og kynnti að lagt yrði á biðlistagjald til að koma biðlista í meira raunástand fyrir fyrirhugaða stækkun.

HÖB 

Kári fór yfir þau verkefni sem unnin voru á árinu og hvers er að vænta í verkefnum á nýju ári sem flest snúa að þeirri uppbyggingu sem þarf varðandi stækkun á vallarsvæðinu. Skoðað verður á árinu að setja upp sólarorkubúnað og til þess verkefnis fékkst styrkur á árinu frá Orkusjóði.

Kári sagði að rekstur og fjármál væri í góðum farvegi. Nokkur aukning væri í afskriftum vegna ákvæða í nýjum samningi við GOF. Tæki og tól voru endurnýjuð fyrir tæplega 40 milljónir á árinu í samstarfi við GOF en þrátt fyrir það væri enn töluverð þörf á viðbótartækjum og endurnýjun. Leiknir hringir á árinu voru 46.160 og mikil aukning var í aðsókn á æfingasvæðið og Ljúfling og sú aukning styrkti rekstrarstöðu GO umtalsvert. Kári fór stuttlega yfir nýjan samning við GOF sem gerður var til tveggja ára. Hækkun á samningsupphæð er úr 40 milljónum í 55 milljónir og tilfærsla er á eignum GO til GOF, þar á meðal borholan sem GO fékk frá Garðabæ á sínum tíma í gegnum framkvæmdastyrk. Í nýjum samningi við GOF mun 50 % af hagnaði GO renna inn á framtíðarreikning sem nýttur verður til stækkunar golfvallarins.

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins

Haraldur Haraldsson framkvæmdastjóri kynnti ársreikning síðasta starfsárs. Gífurleg aukning var á árinu í vallartekjum sem fóru upp um nær 28 milljónir og í þeim tölum má vissulega skýra það mikla álag sem er á svæðinu. Gjöld hækkðu einnig nokkuð á árinu.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 51.668.000 kr. upp um 20,4 milljónir milli ára. Hagnaður af rekstri í ár var 22,9 milljónir.

Mikill umsnúningur varðandi yfirdrátt varð milli ára, var 17.000.000 kr. í lok 2024 en stendur í 0 kr. núna í lok 2025.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar

Opnað fyrir umræður.

Ingjalður Ásvaldsson – óskar öllum til hamingju með þessa frábæru útkomu. Vildi minna á hvað það hefði verið mikil gjörbylting til góðs í rekstri við yfirtöku GO á rekstri golfklúbbsins á sínum tíma. Vildi að aðilar Oddfellow færu varlega í þá átt að koma meira að rekstrinum því það væri engin ástæða til að hreyfa við þeim góða rekstri sem raun bæri vitni á liðnum árum.

Hlöðver Kjartansson – sagði ánægjulegt hversu vel væri mætt til fundarins. Tekur undir orð Ingjalds að hér sé unnið gott starf. Lýsti yfir ánægju með tekjuaukningu á Ljúflingi. Vildi engu að síður nefna að það vantaði í yfirferð á gjöldum að leiga til GOF sé 38 milljónir en að talan sé villandi þar sem það koma peningar til baka og því þetta ekki bein útgjöld, vildi að það kæmi skýrar fram hver væri raunveruleg tala.

Haraldur framkvæmdastjóri tók til svara fyrir hönd GO.

Styrkur og stuðningur fyrirtækja hefur aukist umtalsvert á árinu.

Varðandi greiðslur til GOF, vísaði Haraldur í skýringar með reikningum liður 1.5 þar sem

AGT

HÖB

finna má sundurliðun á greiðslum skv. samningi. Í nýjum samningi mun 50 % leigufjárhæðar af 55 milljónum renna til tækjakaupa. Öll tækjakaup skv. nýja samningnum munu eignfærast hjá GOF. Gjöld út frá GO en vissulega er að koma peningur til baka í formi tækja en ekki eignfært okkar megin heldur sem gjöld.

Fleiri tóku ekki til máls og var ársreikningur borinn upp til samþykktar. Hann var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.

19. grein

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi þess og skal tillögum til lagabreytinga eða um breytingar á starfstilhögun skilað til stjórnar eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Nái tillaga til lagabreytingar samþykki 2/3 (tveggja þriðju hluta) greiddra atkvæða fær hún gildi.

Fundarstjóra var ekki kunnugt um að aðrar tillögur en tillögur til lagabreytinga sem bárust með tveggja vikna fyrirvara og því ekki ástæða til að fara í umræður um breytingar á öðrum starfstilhögun ef enginn hreyfir andmælum og því farið í umræður um þær lagabreytingar sem liggja fyrir.

Það liggja fyrir fundi örfáar breytingar og Berglind Rut Hilmarsdóttir kynnti tillögur til lagabreytinga í heild sinni skv. tillögu fundarstjóra. Lagði fundarstjóri jafnframt til að umræða um hverja og eina skuli tekin að lokinni heildarkynningu og svo greidd atkvæði um þær, hverja fyrir sig og svo um breytt lög í heild sinni.

Breyting á 16. gr.

16. gr. er svohljóðandi fyrir breytingu:

Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins. Aðalfund skal halda fyrir 10. desember ár hvert.

Aðalfund og aðra félagsfundi skal auglýsa með viku fyrirvara, á heimasíðu félagsins, með tölvubréfi og á öðrum miðlum félagsins. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá.

Í annarri málsgrein bætist við textinn „að minnsta kosti“ fyrir framan „viku fyrirvara“

16. gr. verður svohljóðandi:

Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins. Aðalfund skal halda fyrir 10. desember ár hvert.

*Aðalfund og aðra félagsfundi skal auglýsa með **að minnsta kosti viku** fyrirvara, á heimasíðu félagsins, með tölvubréfi og á öðrum miðlum félagsins. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá.*

Breyting á 21. gr.

21. gr. er svohljóðandi fyrir breytingu:

HÖB 26A

„Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið skal hún tekin fyrir á sérstökum fundi sem stjórnin boðar til með sama hætti og boðað er til aðalfundar. Fundurinn er ályktunarhæfur ef minnst tveir þriðju félagsmanna sækja fundinn og tveir þriðju fundarmanna samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til fundar á ný og halda hann innan þriggja vikna. Sá fundur er ályktunarhæfur án tillits til fundarsóknar og fær tillagan gildi ef 2/3 fundarmanna samþykkja hana.“

Neðst við greinina bætist eftirfarandi málsgrein:

Komi til slita félagsins skal hrein eign renna til Styrktar- og Líknarsjóðs Oddfellowa, kt. 440692-2069.

Ný grein, 22. grein

Þar sem ákvæði þessara samþykkt segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla, svo og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt.

Núverandi 22. og 23. grein hliðrast um eitt númer, þannig að núverandi 22. grein verður 23. grein og núverandi 23. grein verður 24. grein.

Tillögur til umræðu og orðið laust.

Ingibjörg Sigurrós Helgadóttir- spurði hvaða þýðingu það hefur fyrir golfklúbbinn að vera almannaheillafélag.

Hlöðver Kjartansson – óskaði eftir skýringu á ástæðu breytingarinnar varðandi almannaheillafélag. Vildi vekja athygli á því að golfklúbbarnir tveir og Styrktar- og líknarsjóður hafi átt samtal fyrr á liðnu starfsári er laut að ýmsu er þetta varðar. Meðal annars tekið tillit til þess í nýjum væntum samningi og framtíðarplönunum að allar eignir GO renni til landeiganda. Hlöðver las upp niðurlag samkomulagsins fyrir fundargesti og vildi í lokin lýsa yfir stuðningi um tillögu til lagabreytinga hvað þetta varðaði.

Kári Sölmundarson veitir svör við spurningum.

Þakkar Hlöðveri fyrir góða yfirferð, ástæða fyrir þessu er einnig fjárhagsleg fyrir GO, endurgreiðslu á fjármagnstekjuskatti og ákvæði um virðisaukaskatt í almannaheillafélagi sem eru okkur hagstæð einnig. Fyrir félagsmenn snýr þetta t.d. að styrkur sem félagsmaður myndi veita klúbbnum yrði frádráttarbær frá skatti. Styrktar- og líknarsjóður mun taka við öllum okkar eignum þó sambandið sé með GOF sem millilið. Það var ákvæði í eldri samningi um að ef samstarfi lýkur þá skuli eignir renna til GOF. GO var stofnað af GOF á sínum tíma þó hlutfall GO félagsmanna sé hátt félagslega í dag ótengt þá aðild að Oddfellowreglunni. Kári sagðist þakklátur fyrir það að GO hafi yfirumsjón með þessu svæði fyrir regluna og jákvæð afleiðing ef þetta skref hefur áhrif á stækkunarmöguleika svæðisins.

Haukur tók við að stýra fundi áfram, spurningar komu úr sal

HÖB AGA

Halldór Páll Gíslason, - hvað eru mörg svona félög skráð á Íslandi sem almannaheillafélag?

Kári svaraði – vísaði í að GKG hefði farið þessa leið að gerast almannaheillafélag eins og við en ekki borið erindi enn sem erfiði, vel á annað hundrað félög væru komin á þessa skrá en aðalástæða þess að ekki hafði gengið að klára málið hjá GKG væri vegna þess að klúbburinn væri ekki opinn öllum, sem er eitt af frumskilyrðum almannaheillafélaga. Við teljum okkur geta veitt ótakmarkað aðgengi að Ljúflingi og því muni þetta ekki hamla okkar umsókn.

Fleiri tóku ekki til máls og tillögur því bornar upp.

5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.

Tillögur til lagabreytinga voru bornar upp, hver fyrir sig.

Breyting á 16. gr. orðabreyting

„að minnsta kosti“

samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Breyting á 21. gr., lagt er til að það komi ný málsgrein

Komi til slita félagsins skal hrein eign renna til Styrktar- og Líknarsjóðs Oddfellowa, kt. 440692-2069

samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ný 22. gr., sem er svohljóðandi,

Þar sem ákvæði þessara samþykkt segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla, svo og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þessu fylgir að greinar á eftir nýrri grein fá nýtt númer

Núverandi 22. og 23. grein hliðrast um eitt númer, þannig að núverandi 22. grein verður 23. grein og núverandi 23. grein verður 24. grein.

Því næst voru lögín í breyttri mynd og í heild sinni borin undir samþykki fundarins– samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.

Jón S. Garðarsson fór yfir fjárhagsáætlun og vísaði til þess að um hóflega hækkun væri að ræða skv. tillögu stjórnar. Gert er ráð fyrir hagnaði á nýju ári 21,7 milljónum skv.

HÖB AGA

áætlun.

Félagsgjöld hækka um að meðaltali 8,5%, smá breytingar milli ára í aldursflokaskiptingu í gjöldum eldri félagsmanna.

Jón vísaði til þess að farið væri varlega í áætlunum varðandi tekjur á liðum sem stjórn telur lítið svigrúm til aukningar á nýju ári.

Jón skýrði aðeins hækkun á rekstrargjöldum Urriðavallar, fleiri framkvæmdir áætlaðar á nýju ári, dúkar í tjarnir, rafmagns og róbótavæðing víða vellið og sólarselluvæðing á verkefnaplani. Fjárfesting í vellið. Hækkun á greiðslu í samningi við GOF.

Ástæða fyrir minni rekstrarhagnaði í áætlun skýrist af því að aukning hafi verið í stórum tekjuliðum á síðasta ári, boltavél og Ljúflingi sem erfitt er að sjá að verði toppað.

Jón lagði til að farið verði inn í nýtt ár á varfærnisnótum og með faglegum hætti í svona stóru fyrirtæki eins og flokka megi GO til.

Árgjöld 2026

Tillaga stjórnar að nýrri gjaldskrá var svohljóðandi:

Félagsmenn 26 – 68 ára kr. 195.000

Félagsmenn 69 – 80 ára kr. 172.00

Félagsmenn 18 – 25 ára kr. 112.000

Félagsmenn 81 ára og eldri kr. 82.000

Félagsmenn 13 – 17 ára kr. 82.000

Félagsmenn 12 ára og yngri kr. 62.000

Inntökugjald kr. 45.000

Biðlistagjald kr. 4000

Biðgjald kr. 25.000

Ljúflingur félagsaðild 26 – 68 ára kr. 76.000

Ljúflingur félagsaðild 69 ára og eldri kr. 61.000

Ljúflingur félagsaðild 18 – 25 ára kr. 39.000

Ljúflingur félagsaðild 17 ára og yngri kr. 25.000

Orðið var gefið laust um fjárhagsáætlun.

Halla Bjarnadóttir - spyr hvort félagar á Ljúflingi sem telja má á biðlista varðandi umsókn verði einnig rukkaðir um biðlistagjald?

Ingibjörg Bragadóttir - spyr um hækkun á aldurárum í gjaldflokaskiptingu, hvort hún sé búin við þessa breytingu eða hvar hún endi?

Haraldur svarar fyrir GO -

Ljúflingsfélagar sem eru á biðlista skulu einnig greiða biðlistagjald eins og málin eru túlkuð. **75% af gjaldinu renna í raun upp í inntökugjald þegar inntaka verður samþykkt.**

Aldurárin munu hækka aftur á næsta ári, stefnan er að flokkaskipting verði þannig að lokum að aldurflokkar verði 26 – 69 ára flokkur, 70 – 80 ára flokkur og 81 árs og eldri.

HÖB 

Haraldur bætti aðeins við upplýsingum vegna biðlistagjalds, 1.519 eru skráðir á biðlista, en sagði að klúbburinn geri ráð fyrir að það verði um 700 – 800 manns á biðlista eftir að gjald er tekið upp, meiri líkur að þetta verði raunverulegur biðlisti.

Engin frekari umræða.

Tillagan í heild sinni var borin upp – samþykkt með meginþorra atkvæða.

7. Kosning stjórnar-og varamanna í stjórn

Haukur gerði grein fyrir þessum lið. Kjósa skal tvo aðalmenn í stjórn og tvo varamenn til tveggja ára. Fyrir í stjórn munu sitja Berglind og Giovanna. Tveir stjórnarmenn, Jón S Garðarsson og Páll Þórir Pálsson, gefa kost á sér til áframhaldandi setu, ásamt þremur öðrum, Árna Traustasyni, Hákonni Jónssyni og Páli Kolka Ísberg. Það eru því fimm aðilar að gefa kost á sér. Framboð bárust tímalega. Haukur sagði að fyrst yrði kosið um aðalmenn í stjórn. Einn frambjóðandi gaf kost á sér í báðar kosningar, Árni Traustason. Haukur sagði að myndi Árni ná kjöri í aðalstjórn þá yrði sjálfkjörið í varastjórn en annars verði kosið í varastjórn.

Fyrst er kosið um formann – Kári Sölmundarson var einn í framboði og var hann því sjálfkjörinn. Hlaut hann lófaklapp úr sal.

Kosning í aðalstjórn. Haukur lýsti því að engin formleg kynning frambjóðenda færi fram á fundinum þar sem frambjóðendur voru kynntir í tölvupósti og heimsíðu fyrir fund.

Fundarstjóri benti fundarmönnum á að fyrirspurnir hefðu borist fyrir fundinn frá fundarmönnum þess efnis hvort hægt væri að greiða atkvæði í kosningum fyrir hönd félagsmanna sem ekki væru viðstaddir fundinn, á grundvelli fyrirbyggjandi umboða.

Fundarstjóri benti fundarmönnum á að ekki væri fjallað um þetta í lögum GO. Þetta væri því hvorki heimilað sérstaklega né bannað í lögum klúbbsins. Fundarstjóri lýsti því að samkvæmt hans reynslu og þekkingu af fundarstjórn innan íþróttafélaga undanfarin ár þá hefðu umræður um þetta nokkrum sinnum vaknað á aðalfundum. Fundarstjóri sagðist ekki kannast við dæmi þess að atkvæðagreiðsla á grundvelli umboða hefði verið heimiluð á aðalfundum innan íþróttahreyfingarinnar og að í öllum tilvikum hafi slíku verið hafnað. Í öllum tilvikum hafi verið lagt til grundvallar að félagsmenn yrðu að mæta á fundi í eigin persónu til þess að geta tekið þátt í atkvæðagreiðslum.

Þá vísaði fundarstjóri til þess að í lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla væri að finna ákvæði sem kæmi í veg fyrir að fundarmaður geti farið með atkvæðisrétt annars félagsmanns samkvæmt umboði, sé það ekki sérstaklega heimilað í samþykktum í viðkomandi félags. Fundarstjóri benti á að fundurinn hafi rétt í þessu samþykkt að bæta við nýju ákvæði í 22. gr. laga GO þess efnis að lögum nr. 110/2021 skuli beita þegar lögum GO sleppir, eftir því sem við á. Það hefði m.a. þær afleiðingar að atkvæðagreiðsla samkvæmt umboði væri óheimil hjá GO. Benti fundarstjóri á að þótt nýsamþykkt lagabreyting komi líklegast ekki til framkvæmda fyrr en á næsta aðalfundi GO, þá varpi

HÖB AGJ

lagaákvæðið ljósi á hvað teljist til viðtekinnar venju í aðalfundarstarfsemi félaga sem starfa í þágu almannaheilla, þ.m.t. íþróttafélaga.

Með vísan til þessa lýsti fundarstjóri þeirri skoðun sinni að ekki ætti að greiða atkvæði á fundinum í krafti umboða, heldur ættu þeir fundarmenn sem mættir væru á fundinn einungis að greiða atkvæði. Fundarstjóri vísaði til þess að ákvörðun um þetta lægi þó hjá fundinum sjálfum og kallaði eftir því hvort fundarmenn væru ósammála þessu, vildu ræða þetta sérstaklega og aðra taka ákvörðun í kjölfarið. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Í því ljósi, tjáði fundarstjóri fundarmönnum að lagt yrði til grundvallar á fundinum að einungis viðstaddir félagsmenn gætu neytt atkvæðisréttar og ítrekaði fundarstjóri að alls væru mættir á fundinn 111 félagsmenn, með jafn mörg atkvæði.

Kosning fór fram og áttu fundarmenn að merkja skal við tvo frambjóðendur og ekki fleiri. Þorvaldur Þorsteinsson, Svavar Geir Svavarsson, Hrafnhildur Guðjónsdóttir og formaður kjörnefndar Gunnar Viðar töldu atkvæði.

Meðan talið var þá kynnti Kári Sölmundarson hugmynd að stækkun Urriðavallar og sýndi teikningar sem komnar eru frá vallahönnuðum.

Niðurstaða kosningar til aðalstjórnar var eftirfarandi en greidd voru 109 atkvæði af 111.

Atkvæði féllu þannig:

Árni Traustason – 15

Hákon Jónsson – 36

Jón S. Garðarsson – 76

Páll Kolka Ísberg – 44

Páll Þórir Pálsson – 47

Jón S. Garðarsson og Páll Þórir Pálsson voru því réttkjörnir í stjórn.

Því næst var gengið til kosninga í varastjórn

Í framboði voru Ágúst Valgeirsson, Árni Traustason og Guðrún Símonardóttir.

Þorvaldur, Svavar, Hrafnhildur og formaður kjörnefndar Gunnar Viðar töldu atkvæði.

Niðurstaða kosningar til varastjórnar var eftirfarandi en greidd voru 108 atkvæði af 111.

Atkvæði féllu þannig:

Ágúst Valgeirsson – 78

Árni Traustason – 46

Guðrún Símonardóttir – 89

Ágúst Valgeirsson og Guðrún Símonardóttir voru því réttkjörin í varastjórn.

Afbrigði við fundardagskrá var samþykkt- með að fá að halda áfram með dagskrá 8. og 9. liðar fundardagskrár á meðan atkvæði í varastjórn voru talin.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara

HOB *[Handwritten signature]*

Gerð var tillaga um óbreytta skipan tveggja skoðunarmanna:

Davíð Einarsson og Ásbjörn Björnsson og til vara Jónas Gestur Jónasson. **Tillagan var samþykkt**

9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd

Gerð var tillaga um óbreytta kjörnefnd frá fyrra ári:

Gunnar Viðar, Kristjana S. Þorsteinsdóttir og Hilmar Vilhjálmsson

Tillagan var samþykkt.

10. Önnur mál

Enginn tók til máls og því þakkaði Haukur fyrir komuna á fundinn og vísaði í að fundargerð yrði frágengin og birt þegar hún er klár. Hann þakkaði kjörnefnd fyrir störf svín og óskaði kjörnum fulltrúum í stjórn til hamingju með sitt kjör. Haukur gaf Kára orðið og leyfi til að slíta fundinum.

Kári þakkaði traustið. Sjöunda starfsárið er framundan og kannski fer þetta að vera komið gott en honum langaði persónulega til að koma stækkunarmálum í gegn áður en yfir lýkur hjá sér í formennsku. Árið var svolítið erfitt, miklar tilfinningar fóru í nýjan samning og vonandi verða aðilar meira samstíga á nýju ári. Verkefni eru ærin í að viðhalda svæðinu, golfvellið og að sinna félagsmönnum og reka þetta félag okkar. Kári fór yfir það að allar tekjur klúbbsins fari í raun beint í völinn, uppbyggingu innan svæðisins og okkar mannauð í starfsmönnum. Markmið klúbbsins er að reka sig með afgangi til að geta fullnægt þessum þáttum og viðhalda þannig gæðum vallarins.

Kári hét því að leggja sig fram og óskaði öllum gleðilegra jóla.

Þar með er dagskrá aðalfundar lokið og honum slitið klukkan 13:30.

Fundurinn var tekinn upp og sendur út í streymi á facebook og er hann aðgengilegur á YouTube rás Golfklúbbsins Odds og heimasíðu fundarins, 2025.oddur.is

Fundarstjóri

Haukur Örn Birgisson

Fundarritari,

Svavar Geir Svavarsson